


Æskulýðsskýrsla
Hestamannafélagsins Léttis á
Akureyri

Veturinn 2018-2019





Efnisyfirlit

Æskulýðsnefnd.....	3
Námskeið og ýmis fræðsla.....	4
Knapamerki	4
Afreksknapar Léttis 2019	4
Almenn reiðnámskeið og sýnikennsla.....	5
Þorsteinn Björnsson – Reiðnámskeið	5
Þórarinn Eymundsson – Fyrirlestur & Sýnikennsla	5
Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir – Reiðnámskeið.....	6
Hekla Hattenberger Hermundsdóttir – Reiðnámskeið & Sýnikennsla.....	6
Mót & mótaraðir	7
Mótaröð Æskunnar.....	7
Líflandsmót.....	7
Önnur mót.....	8
Íslandsmót.....	9
Fjórðungsmót.....	9
Annað starf – Glens og gaman.....	11
Æskan & Hesturinn.....	11
Hestaveisla Norðurlands.....	11
Fjölskyldudagar á Melunum	12
Uppskeruhátíð æskulýðsstarfs.....	12
Lokaorð	13



Æskulýðsnefnd

Veturinn 2018-2019 var þétt setinn og annasamur hjá æskulýðsnefndinni, enda hefur Hestamannafélagið Léttir mikinn hug á að efla og styrkja æskulýðsstarfið hér norðan heiða.

Mikið var um mótahald, en það hefur einkum einkennt vetrarstarf félagsins síðustu ár, enda frábær aðstaða fyrir innimót í þessari stórglæsilegu reiðhöll sem við hjá Létti erum svo lánsöm að hafa. Að auki voru ýmis námskeið og önnur fræðsla í boði fyrir alla Léttisfélaga óháð aldri þeirra og kunnáttu.

Æskulýðsstarfið hjá Létti er búið að aukast til muna síðustu ár og heldur áfram að stækka, til þess að geta staðið undir þessum aukna fjölda barna og þeirra áhuga á hestamennsku þá þarf mikið starf sjálfbóðaliða, bæði hjá æskulýðsnefndinni og öðrum nefndum félagsins svo og öðrum félagsmönnum Léttis. Allt þetta starf er unnið í sjálfböðavinnu og erum við hjá æskulýðsnefndinni virkilega þakklát fyrir alla þá aðstoð og jákvæðni sem við höfum fengið í okkar garð í þessu starfi.

Æskulýðsnefnd Léttis 2019

Hugrún Lísu Heimisdóttir
Sigríður Kristín Sverrisdóttir
Berglind Viðarsdóttir
Valgerður Sigurbergisdóttir
Svana Karlsdóttir
Örvar Freyr Áskelsson

Námskeið og ýmis fræðsla

Það var mikið um námskeiðahald í reiðhöllinni í vetur og eins og verið hefur þá hafa börn, unglingar og ungmenni fengið að sækja öll þau námskeið sem í boði eru. Krakkarnir eru virkilega dugleg og áhugasöm að sækja sér þekkingu og fræðslu, enda skilar það sér vel þegar áfram er haldið.



Áætlað var að hafa krakkanámskeið hjá Camillu Hoj í janúar og febrúar eins og verið hefur síðustu ár en vegna óviðráðanlegra aðstæðna urðum við að fresta því námskeiði en munum að sjálfsgöðu bjóða uppá það á komandi vetri.



Knapamerki

Mikil ásókn hefur verið í kennslu Knapamerkjanna hér fyrir norðan og var tekin sú ákvörðun að hefja kennslu í Knapamerkjum 1,2,3 og 5. Kennarar að þessu sinni voru þær Birna Tryggvadóttir, Ásdís Helga Sigursteinsdóttir og Bergþóra Sigtryggsdóttir, allar menntaðar sem reiðkennarar.

Kennsla Knapamerkjanna fyrir komandi vetur er hafin og mun hún Ásdís Helga Sigursteinsdóttir, reiðkennari frá Hólum, sjá um þá kennslu. Kennd verða Knapamerki 1, 2, 4, og 5 og er skipulagið sett upp þannig að bókleg kennsla verður fyrir áramót og verkleg kennsla eftir áramót.

Afreksknar Léttis 2019

Í ár var lagt upp með nýja nálgun í hópi afreksknara og var það gert með það að markmiði að ná til sem flestra og til þess að styðja við og efla þau börn, unglinga og ungmenni sem setja markmið sín á keppnisbrautina.

Við lögðum því upp með hópinn „Keppnisþjálfun Afreksknara Léttis“ og hefur það gengið alveg vonum framar. Þetta verkefni hlaut styrk frá Norðurorku og hefur það virkilega hjálpað okkur í framkvæmd og þegar upp er staðið þá eru allir krakkarnir virkilega ánægðir og spenntir með framhaldið.





Þjálfunin er bæði bókleg og verkleg þar sem þau eru ýmist að vinna við hendi eða á baki og ýmist inni í reiðhöll og úti á velli. Hestsamannafélagið fékk þau Fanndísi Viðarsdóttur, reiðkennara frá Hólum, og Ragnar Stefánsson, íþróttadómara, til þess að sjá um kennsluna og fylgja krökkunum að þeirra markmiðum.

Í vetur voru 19 krakkar skráðir í hópinn og voru þau frá 11 ára til 21 árs. Fyrsta skrefið var að hitta krakkana og fara yfir þeirra markmið og hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið, bæði skammtíma og langtíma. Því næst voru hestarnir allir prufaðir af reiðkennurunum til þess að kynnast hestunum betur og átta sig á bæði styrkleikum og veikleikum þeirra til þess að geta leiðbeint krökkunum sem best. Krakkarnir fengu iðulega verkefni með sér heim eftir kennslu sem þau áttu að vinna að fram að næsta tíma, þessi verkefni eru einstaklingsmiðuð og stuðla að bættri reiðmennsku og samskiptum milli knapa og hests sem á að ýta undir styrkleika hestsins.

Vinnan í ár hjá þessum krökkum og þjálfurunum hefur alveg skilað sér því ef skoðaðir eru stöðulistar landsins fyrir árið 2019 þá eigum við nokkra Léttiskrakka í efstu sætunum. Hún Embla Lind Ragnarsdóttir er í 7.sæti í barnaflokki, Margrét Ásta Hreinsdóttir er í 1.sæti í unglingaflokki, Egill Már Þórsson er í 2.sæti í T1 unglinga, Valgerður Sigurbergisdóttir er í 3.sæti í ungmennaflokki og hann Atli Freyr Maríönnusson er í 1.sæti T1 ungmenna og 10 sæti í F1 ungmenna. Stórglæsilegur árangur hjá þeim!

Almenn reiðnámskeið og sýnikennsla

Léttir fær til sín á hverju ári flotta reiðkennara og þekkta knapa til þess að vera með reiðnámskeið og aðra fræðslu. Í vetur var ýmislegt í boði fyrir bæði hinn almenna reiðmann og keppisknapann, óháð aldri knapans og var æskan okkar dugleg að nýta sér þessa þekkingu.

Þorsteinn Björnsson – Reiðnámskeið

Þorsteinn Björnsson er menntaður reiðkennari frá Hólum ásamt því að hafa kennt lengi vel á Hólum og er hann því með viðamikla reynslu á sviði reiðkennslu. Hann kom hingað norður í þrígang þetta árið og voru námskeiðin hans fullsetin, færri komust að en vildu. Þorsteinn er með einstaklingsmiðaða einkakennslu þar sem hann fer yfir vandamál hvers pars og finnur úrlausn.

Þórarinn Eymundsson – Fyrirlestur & Sýnikennsla

Þórarinn Eymundsson er eins og Þorsteinn, bæði menntaður reiðkennari frá Hólum ásamt því að hafa starfað sem reiðkennari á Hólum í Hjaltadal um árabil. Hann er gríðarlega fær knapi og reiðkennari. Þórarinn kom hingað norður í vetur og hélt hann fyrir okkur fyrirlestur ásamt sýnikennslu þar sem hann fór yfir samspil jafnvægis, taumsambands og sveigjanleika. Virkilega áhugavert og gaman að hlusta á og fylgjast með honum Þórarni.



Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir – Reiðnámskeið

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir er nafn sem allir þekkja, virkilega flottur og fagmannlegur knapi sem náð hefur langt. Hún kom hingað norður og hélt almennt reiðnámskeið þar sem hún var með fólk í einkatímum og fór yfir samspil hvers pars og úrlausn vandamála.

Hekla Hattenberger Hermundsdóttir – Reiðnámskeið & Sýnikennsla

Hekla Hattenberger Hermundsdóttir kom og hélt fyrir okkur námskeiðið „Hestar í fókus“ þar sem hún byrjaði á að vera með smá sýnikennslu til þess að kynna undirstöðuatriðin í námskeiðinu. Námskeiðið er mjög góður grunnur fyrir alla hesta og hestamenn þar sem farið var í gegnum atriði til að bæta samskipti manns og hests og leiðir til að greiða úr mörgum vandamálum sem geta komið upp eins og t.d. eyrnastyggð, vatnshræðsla, slægð, styggð, erfiðleikar uppá kerru, yfirgang, ósjálfstæði eða óöryggi hjá hest og margt fleira.

Mót & mótaraðir

Þar sem Léttir stendur svo vel að eiga þessa flottu reiðhöll þá er okkur ekkert að vanbúnaði með að halda hvert innimótið á fætur öðru allan liðlangan veturinn. En það er einmitt það sem einkennt hefur vetrarstarf félagsins, ásamt hinum ýmsu reiðnámskeiðum og hafa krakkarnir verið dugleg að mæta þrúðbúin félagsbúningnum við verðlaunaafhendingar og veitingar viðurkenninga.



Mótaröð Æskunnar

Mótaröð Æskunnar er klárlega komin til að vera og gáfu krakkarnir okkar þennan veturinn ekkert eftir og gríðarleg ásókn í þessa mótaröð hjá okkur. Mótaröðin er sett upp sem einstaklins stigakeppni þar sem keppt er í fimm greinum: Fjörgangi V1, Fimmgangi F1, Töltili T1, Töltili T2 og Flugskeiði.



Líflandsmót

Líflandsmótið er árlegur páskaviðburður hjá félaginu og ávallt mikil og góð mæting þar sem allir hafa gaman og fá að lokum páskaegg. Keppt er í bæði Fjörgangi V4 og Töltili T3 í öllum yngir flokkum ásamt opnum flokki í Fimmgangi F2 og Pollaflokki.

Önnur mót

Æskulýðsnefndin var ekki með nein skipulögð útimót eingöngu fyrir æskuna en að sjálfsögðu var boðið uppá yngri flokkana á þeim útimótum sem Léttir hélt nú í sumar. Boðið var uppá bæði íþróttamót og gæðingamót sem er nauðsynlegt að hafa og frábært fyrir alla keppnisknapa óháð aldri að æfa sig á báðum greinum.



Krakkarnir okkar hafa mikinn áhuga á keppni og þá bæði íþróttakeppni og gæðingakeppni, en þau ferðuðust þvers og kruss yfir landið nú í sumar til þess að keppa á hinum ýmsu mótum sem í boði voru. Léttir átti til að mynda flotta fulltrúa á bæði Íslandsmótinu í Víðidal og Fjórðungsmótinu á Fornustekjum ásamt mótum sem haldin voru í Skagafirði, Dalvík, Ásbyrgi og á Einarstöðum. Virkilega gaman hversu dugleg og áhugasöm þau eru og hversu flottan árangur þau eru að uppskera. Starf okkar í nefndinni einkennist einmitt að stórum hluta að því að undirbúa þau vel fyrir keppni og að efla þeirra sjálfstraust inni á vellinum.





Íslandsmót

Á Íslandsmóttinu í sumar sem haldið var í Víðidal áttum við hjá Létti til að mynda fulltrúa í A-úrslitum í ungmennaflokki T1 (6.sæti), F1 (6.sæti) og Gæðingaskeiði þegar hann Atli Freyr Maríónnuson kom og sýndi listir sínar. Í unglingaflokki kom hann Egill Már Þórsson sterkur inn og komst í A-úrslit í T1 (2.sæti) og B-úrslit í F2 (10.sæti) ásamt því að ná 3.sæti í 100m Flugskeiði og hæstu einkunn fyrir stakan sprett í gæðingaskeiði unglinga!!!



Fjórðungsmót

Á Fjórðungsmóttinu sem haldið var að Fornustekkingum í Hornafirði áttum við nokkra Léttiskrakka sem uppskáru vel. Í barnaflokki varð hún Sandra Björk Hreinsdóttir í 12.sæti ásamt því að næla sér í 11.sæti í Opnum flokki 2.flokki í T3. Léttir átti fulltrúa í A-úrslitum (5.sæti) í unglingaflokki og Opnum flokki 2.flokki í T3 (6.sæti) þegar hún Margrét Ásta Hreinsdóttir mætti til leiks. Í ungmennaflokki mætti hún Ingunn Birna Árnadóttir og tók hún 11.sætið í B-flokki og 1.sætið í A-flokki sem þýðir það að við hjá Hestamannafélaginu Léttir eignuðumst einn Fjórðungsmóts sigurvegara!!!



Í lok hvers keppnisárs þá erum við alltaf jafn stolt af þessum krökkum sem við eigum og þessi frábæri árangur þeirra og áhugi er það sem gefur okkur í nefndinni drifkraftinn sem þarf til að halda hvern viðburðinn og mótið á fætur öðru. Við stöndum vaktina með krökkunum okkar glöð og sátt enda eru þessi krakkar allir upp til hópa einstakir snillingar og eru öll að gera stórkostlega hluti.





Annað starf – Glens og gaman

Æskan & Hesturinn

Hin árlega sýning Æskan & Hesturinn á Norðurlandi hefur ævinlega vakið mikla lukku hjá yngri kynslóðinni en þar fá þau að mæta í ýmiskonar búningum og sýna æft atriði. Virkilega skemmtilegur viðburður og fáum við þann heiður að halda annað hvert ár hér í reiðhöll Léttis á Akureyri. Nú í ár var Æskan & Hesturinn haldið í reiðhöllinni að Svaðastöðum í Skagafirði og mættu nokkrir vaskir krakkar frá Létti.



Hestaveisla Norðurlands

Fákar & Fjör er einnig árlegur viðburður hér í reiðhöllinni og nú í ár var aðeins breytt útaf hefðinni og helginni breytt í Hestaveislu Norðurlands við mikinn fögnuð. Þá eru tvö kvöld undirsetin flottra atriða sem margir hverjir hafa æft fyrir í margar vikur og eru krakkarnir okkar að sjálfsögðu með í þessu, mörg hver eru í fleiri en einu atriði. Einnig er á þessum viðburði kynnt „Bjartasta Vonin“ sem er sá knapi yngri flokkanna sem hefur náð hvað bestum keppnisárangri. Í ár var það hann Atli Freyr Maríönnuson sem fékk þann titil.



Fjölskyldudagar á Melunum

Í sumar var í samstarfi við Hestamannafélagið Funa haldnir Fjölskyldudagar á Melgerðismelunum í Eyjafirði. Herlegheitin byrjuðu á samreið frá Akureyri og inn á Melana þar sem allir fengu rjúkandi kjötsúpu við komu. Helgin var undirlögð af ýmiskonar skemmtunum og samverustundum svo sem Trec kennslu, vígsla nýrra startbása og kappreiðar, töltkeppni áhugamanna, hópreiðtúr í Eyjafirðinum, vöflukaffi, grill, varðeldur, brekkusöngur o.fl. Þessi helgi var alveg hreint stórkostlega skemmtileg og vel útfærð, þetta er eitthvað sem mun verða að árlegum viðburði hér hjá Létti og Funa.



Uppskeruhátíð æskulýðsstarfs

Hvert keppnisár er gert upp með uppskeruhátíð þar sem boðið er upp á flottan mat og skemmtiatriði. Á uppskeruhátíðinni er einnig rennt yfir starf vetrarins og farið yfir stöðuna ásamt því að velja knapa ársins í bæði barna- og unglingaflokki. Þessi kvöldstund hefur verið virkilega flott og skemmtileg og stefnt er að halda uppskeruhátíð fyrir 2019 núna í nóvember.

Lokaorð

Æskulýðsstarfið er virkilega gefandi og skemmtilegt ásamt því að vera mjög þarft starf ef vel á að huga að æskunni í hestamennsku. Við í nefndinni þetta árið erum að sjálfsögðu sátt með framlag okkar en viljum auðvitað gera meira og margar hugmyndir sem bíða þess að verða framkvæmdar. Starfið næsta vetur verður því áfram þétt setið og munum við reyna eftir bestu getu að bæta við þeim viðburðum sem við óskum eftir.

Við erum einróma einstaklega stolt af öllum krökkunum og virkilega gaman að fylgjast með þeim þroskast og eflast í sinni hestamennsku. En eins og alltaf þá getum við ekki staðið að öllum þessum viðburðum, mótum og námskeiðum ein og óstudd og því margar sjálfbóðahendur sem koma að öllum okkar viðburðum og viljum við þakka þeim kærlega fyrir aðstoðina, hún er alveg ómetanleg. Einnig viljum við þakka öllum okkar styrktaraðilum kærlega fyrir, bæði fjárstyrkir og gjafir/gjafabréf.

Við í nefndinni þökkum kærlega fyrir okkur!!!

*Kær Kveðja
F.h. Æskulýðsnefndar Léttis
Hugrún Lís Heimisdóttir*

